

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI	
7852-002-FUN-019-V01	Svæðisskipulag Suðrhálendis	
DAGS. / TÍMI FUNDAR	VERKKAUPI	
31.08.2022	SASS	
NR. FUNDAR	FUNDAREFNI	
19	Funda- og verkáætlun Greinargerð og stefnumörkun	
FUNDARGERÐ	FUNDARBOÐARI	FUNDARSTAÐUR
HB 06.09.2022	SASS	Þingborg
FUNDARMENN	FYRIRTÆKI	
Ari B. Thorarensen	Árborg	
Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir	Ásahreppur	
Guðrún S. Magnúsdóttir, Helgi Kjartansson,	Bláskógabyggð	
Árni Eiríksson, Harpa Magnúsdóttir	Flóahreppur	
Ása Valdís Árnadóttir, Björn Kristinn Pálmarsson	Grímsnes- og Grafningshr.	
Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Bjarnason	Hrunamannahreppur	
Eydís Þ. Indriðadóttir, Gunnar Aron Ólason, Birgir Haraldsson	Rangárþingi ytra	
Elín Heiða Valsdóttir	Skaftárhreppur	
Sigurður Unnar Sigurðsson	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Einar Freyr Elínarson, Jón Ómar Finsson	Mýrdalshreppur	
Anton Kári Halldórsson, Úlfar Gíslason	Rangárþing eystra	
Vigfús Þór Hróbjartsson	UTU	
Bjarni Guðmundsson	SASS	
Gísli Gíslason, Sigmar Metúsalemsson, Hrafnhildur Brynjólfsdóttir	Verkfræðistofan EFLA	
Dreifing	Fyrirtæki	
Bjarni Guðmundsson	SASS	
Fundarskjöl	Næsti fundur	
Vinnuskjöl: Kynning	September 2022	

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð 18. fundar og telst hún samþykkt.

Fundardagskrá

1. Kynning á endurskipaðri svæðisskipulagsnefnd
2. Skipun stjórnar og ritara
3. Staða vinnunnar - Tímasett funda- og verkáætlun 2022-2033 uppfærð
4. Kynning á fyrirleggjandi tillögu
5. Umræður um fyrirleggjandi tillögu
6. Önnur mál
7. Næsti fundur

1. Kynning á endurskoðaðri svæðisskipulagsnefnd

Helgi Kjartansson bauð fundargesti velkomna en þetta er fyrsti fundur nýskipaðrar svæðisskipulagsnefndar. Helgi fór stuttlega yfir tilurð svæðisskipulagsvinnunnar sem er rakin til ákvörðunar á þingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga árið 2018 og tengist áhersluverkefni sóknaráætlunar.

Nefndin er þannig skipuð:

- Bláskógabyggð: Helgi Kjartansson og Guðrún S. Magnúsdóttir.
Til vara: Óttar Þráinsson og Jón Forni Snæbjörnsson.
- Grímsnes- og Grafningshreppur: Ása Valdís Árnadóttir og Björn Kristinn Pálmarsson.
Til vara: Smári Bergmann Kolbeinsson og Ragnheiður Eggertsdóttir.
- Hrunamannahreppur: Halldóra Hjörleifsdóttir og Jón Bjarnason. Til vara: Herbert Hauksson og Daði Geir Samúelsson.
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Gerður Stefánsdóttir og Gunnar Örn Marteinnsson.
Til vara: Sigurður Unnar Sigurðsson og Ingvar Hjálmarsson.
- Árborg: Ari Björn Thorarensen og Arnar Freyr Ólafsson.
Til vara: Bragi Bjarnason og Sigurjón Vídalín Guðmundsson.
- Flóahreppur: Árni Eiríksson og Harpa Magnúsdóttir.
Til vara: Walter Fannar Kristjánsson og Hjalti Guðmundsson.
- Ásahreppur: Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir.
Til vara: Þráinn Ingólfsson og Kristín Hreinsdóttir.
- Rangárþing ytra: Gunnar Aron Ólason og Eydís Þ. Indriðadóttir.
Til vara: Ingvar P. Guðbjörnsson og Magnús Hrafn Jóhannsson.
- Rangárþing eystra: Anton Kári Halldórsson og Bjarki Oddsson.
Til vara: Tómas Birgir Magnússon og Rafn Bergsson.
- Mýrdalshreppur: Einar Freyr Elínarson og Jón Ómar Finnsson.
Til vara: Björn Þór Ólafsson og Salóme Svandís Þórhildardóttir.
- Skaftárhreppur: Elín Heiða Valsdóttir og Jóhannes Gissurarson.
Til vara: Jón Hrafn Karlsson og Björn Helgi Snorrason.

2. Skipun stjórnar og ritara

Í samræmi við starfsreglur fyrir svæðisskipulagsnefnd þá fór fram kjör á formanni, varaformanni og ritara. Eftirtalin voru kjörin einróma:

- Helgi Kjartansson, formaður.
- Anton Kári Halldórsson varaformaður.
- Elín Heiða Valsdóttir, ritari.

Ofangreind mynda um leið verkefnisstjórn fyrir svæðisskipulagsverkefnið.

3. Staða vinnunnar - Tímasett verkáætlun 2022-2033 uppfærð

Gísli Gíslason Eflu fór yfir funda- og verkáætlun við mótun svæðisskipulagsins og fylgir hún fundargerð. Markmiðið er að nýtt svæðisskipulag taki gildi á vormánuðum 2023. Þegar tillaga er tilbúin til kynningar á vinnslustigi, sem er áætlað að gerist í lok árs 2022, þá tekur formlegt ferli kynninga og samráðs hálf t ár þar til tillaga er staðfest.

Stefnum á að næstu fundir a.m.k. fram að áramótum séu staðfundir en höfum opinn möguleika á fjarfundum eftir áramót þegar tillagan verður komin í kynningarferli.

4. Kynning á fyrirliggjandi tillögu

Í vinnslu eru drög að tillögu stefnu svæðisskipulags þar sem sett eru markmið og stefnumörkun fyrir fimm viðfangsefni svæðisskipulagsins:

1. Sterkir innviðir
2. Umhyggja fyrir auðlindum
3. Ábyrg nýting auðlinda
4. Fyrir loftslagið
5. Vinnum vel saman

Í vinnsluferlinu hefur verið haft víðtækt samráð m.a. við Skipulagsstofnun, Vegagerðina, Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarð, Þingvallapjóðgarð, Forsætisráðuneytið, 4x4, Landgræðsluna, Náttúrufræðistofnun og fleiri, auk opinna kynningarfunda og vinnufunda með sveitarfélögum og verkefnisstjórn.

Upplýsingar um svæðisskipulagið er á heimasíðu SASS undir áhersluverkefni <https://www.sass.is/svaedisskipulag-fyrir-sudurhalendid-2022/>. Þar er hlekkur á kynningarefni fyrir svæðisskipulagið <https://www.sass.is/sudurhalendi/> sem verður uppfært.

Fulltrúar EFLU fóru yfir kynningu á umfjöllunarefnum tillögunnar og stöðu stefnumótunar fyrir þau. Aðferðafræði landslagsflokunar með mati á verndargildi landslagsheilda var kynnt en sú vinna er mikilvægur grunnur fyrir stefnumótunina.

Stutt kynning á miðlun gagna í verkefninu í gegnum „StoryMap“ en dæmi um það má sjá hjá hér <https://www.sass.is/sudurhalendi/> (verður uppfært).

5. Umræður um fyrirliggjandi tillögu

Í umræðum um fyrirliggjandi tillögu kom þetta fram m.a.:

- Landslagsflokun og mat á verndargildi landslags er unnin í viðmiðunarmælikvarðanum 1:50 000 og þarf að hafa það í huga við yfirllestur á gögnunum. Verndargildi landslagssvæðis er nálgun fyrir allt svæðið. Einstaka vistgerðir i geta lyft stærrri svæðum upp en stakar náttúruperlur hafa ekki áhrif á verndargildi

landslagssvæðisins sem heildar. Aðferðarfræði landslagsflokunar og mats á verndargildi verður gerð skil í sérstakri greinargerð.

- Stefna um vegi á hálendinu, eins og hún liggur fyrir, er afrakstur samráðs við sveitarfélögin á vinnufundum þar sem þetta efni var sérstaklega tekið fyrir. Ekki er verið að fjalla um nákvæma vegu veglína stefnu sem á við um ákveðnar leiðir. Vegir sem eru sýndir á þemakorti í vinnugögnum voru settir þar inn í samráði við sveitarfélögin en mögulega verða þemakortin einfölduð í endanlegri stefnu.
- Vegaframkvæmdir og aðrar framkvæmdir á Suðurlálandi geta eftir atvikum verið háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda skv. lögum þar um.
- Fjallað er um óbyggð víðerni í náttúruverndarlögum en þar er miðað við svæði sem eru „að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.“ Engin opinber kortlagning liggur fyrir sem ákvarðar óbyggð víðerni sem hægt er að miða við með óbyggjandi hætti, en rannsóknarverkefni hafa verið unnin þar sem aðferðarfræði við kortlagningu hefur verið í mótun. Lögin leggja fram ónákvæm viðmið og þess vegna munum við leggja fram gögn um hvaða viðmið voru nýtt í verkefninu og líta til landsskipulagsstefnu við mótun þeirra.
- Í svæðisskipulaginu verður loftslagsstefna en sveitarfélögum er í dag skylt að gera loftslagsstefnu.

6. Önnur mál

Engin önnur mál voru til umræðu.

7. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 27. september í Vík.

Funda- og verkáætlun 2022 – 2023

FUNDIR	DAGSETNING/ STAÐUR	EFNI FUNDAR	SAMRÁÐSFUNDIR OG KYNNINGAR
19.	Miðvikud. 31. ágúst, haldinn í Flóa	<ol style="list-style-type: none"> Kynning á endurskipaðri nefnd Skipun stjórnar og ritara (sbr. starfsreglur) Tímasett verkáætlun 2022-2033 uppfærð Kynning á fyrirleggjandi tillögu <p style="text-align: center;">Kaffihlé</p> <ol style="list-style-type: none"> Umræður um fyrirleggjandi tillögu Önnur mál Næsti fundur 	
20.	Þriðjud. 27.septemberh aldinn í Vík	<ol style="list-style-type: none"> Innviðir, uppfærsla (k. 3) <ul style="list-style-type: none"> Samgöngur Auðlindir, uppfærsla (k. 4) <ul style="list-style-type: none"> Landslag, jarðmyndanir, vistgerðir og lífríki Grunnvatn Auðlindir ferðaþjónustunnar Kyrrlát svæði Orka Nýting auðlinda, uppfærsla (k. 5) <ul style="list-style-type: none"> Verndarheildir og mannvirkjasvæði Ferðaþjónusta Orkuvinnsla Verndun grunnvatns Skógrækt, landgræðsla og endurheimt vistgerða Beitar- og veiðinytjar Önnur mál Næsti fundur 	Á fundi og/eða á milli funda – samráð við lykilaðila t.d. Vega-gerðina vegna innviða.
21.	Þriðjud. 25. október, haldinn á Hvolsvelli	<ol style="list-style-type: none"> Aðgerðir fyrir loftslagið (k. 6) Vinum vel saman (k. 7) Umhverfisskýrsla, samantekt (k. 8) Önnur mál Næsti fundur 	<p>Á fundi og/eða á milli funda – samráð við hagsmunaaðila.</p> <p>Kynning hjá nágretta-sveitarfélögum</p>
22.	Þriðjud. 22.nóvember haldinn í Árnesi	<ol style="list-style-type: none"> Farið yfir tillögu með umhverfismatsskýrslu og hún samþykkt til kynningar á vinnslustigi af svæðisskipulagsnefnd. Önnur mál Næsti fundur 	

	Nóvember/desember		Almennur kynningarfundur (streymi). Kynning auglýst með áberandi hætti og send til umsagnaraðila-/hagsmunaaðila (4 vikur).
23.	Lok janúar	<ol style="list-style-type: none"> 1. Umsagnir/athugasemdir yfirfarnar og uppfærsla á tillögu í kjölfar kynningar. 2. Önnur mál 3. Næsti fundur 	
24.	Febrúar/mars/apríl	<ol style="list-style-type: none"> 1. Svæðisskipulagsnefnd samþykkir tillögu að nýju svæðisskipulagi með umhverfismatsskýrslu til auglýsingar. Nefndin óskar eftir staðfestingu aðildarsveitarfélaganna á afgreiðslu nefndarinnar. 2. Önnur mál 3. Næsti fundur 	<p>Sveitarstjórnir staðfesta afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar á tillögu og umhverfismatsskýrslu til auglýsingar.</p> <p>Athugun Skipulagsstofnunar (umsögn hennar auglýst með tillögu)</p> <p>Auglýsing tillögu (6 vikur).</p>
25.	Maí	<ol style="list-style-type: none"> 1. Yfirferð athugasemda frá umsagnaraðilum, almenningi og Skipulagsstofnun og uppfærsla tillögu eftir auglýsingu. 2. Nefnd samþykkir tillögu og óskar eftir staðfestingu aðildarsveitarfélaganna á afgreiðslu nefndarinnar. 3. Önnur mál 	
	Maí -júní		Samþykkt/staðfesting í sveitarstjórnnum.
			Tillaga send Skipulagsstofnun til staðfestingar.